



Reykjavík, 22. janúar 2024

MSS24010074

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Hreinsunaráttak á Esjumelum

Á fundi íbúaráðs Kjalarness þann 11. janúar 2024, lagði íbúaráð Kjalarness fram og samþykkti svohljóðandi tillögu, sbr. 1. liður fundargerðar sama dag:

Lagt er til að íbúaráð Kjalarness samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að farið verði í hreinsunaráttak á Esjumelum. Slíkt hreinsunaráttak verði samstarfsverkefni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, skrifstofu borgarlandsins, byggingarfulltrúa og eftir atvikum annarra hlutaðeigandi eininga innan borgarkerfisins. Áttakið hefjist á vordögum 2024, eigi síðar en 15 maí.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að umhverfis- og skipulagsráð taki málið til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Kjalarness um hreinsunaráttak á Esjumelum



Reykjavík

Íbúaráð Kjalarness 11. janúar 2023. Tillaga íbúaráðs Kjalarness um hreinsunaráttak á Esjumelum:

Lagt er til að íbúaráð Kjalarness samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að farið verði í hreinsunaráttak á Esjumelum. Slíkt hreinsunaráttak verði samstarfsverkefni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, skrifstofu borgarlandsins, byggingarfulltrúa og eftir atvikum annarra hlutaðeigandi eininga innan borgarkerfisins. Áttakið hefjist á vordögum 2024, eigi síðar en 15. maí.

Greinargerð:

Þörf er á að borgaryfirvöld og lóðareigendur, afnotahafar og rekstraraðilar á svæðinu taki saman höndum þar sem á Esjumelum hefur safnast saman töluvert magn af úrgangi, bæði almennu rusli, ýmis konar járn og ónýtum ökutækjum. Ekki er síst þörf á að hreinsa í burtu almennt rusl þar sem það fýkur yfir Vesturlandsveg þegar mikill vindur er en svæðið er vindasamt og er þetta því nokkuð algengt vandamál. Slíku fylgir slyshætta þar sem umferðarpungi er mikill auk sjónmengunar og almennrar mengunar.

Íbúaráð Kjalarness hefur af nokkrum tilefnum sent frá sér ábendingar um málið. Þá aðallega vegna rusls sem fýkur frá svæðinu yfir Vesturlandsveg. En einnig vegna þess að íbúar telja áhyggjuefni hvernig þetta svæði hefur þróast undanfarin ár og söfnunar úrgangs sem hefur þróast á svæðinu. Ábendingar hafa m.a. ratað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Eftir því sem íbúaráð Kjalarness kemst næst er aðkoma nokkurra eininga innan umhverfis- og skipulagssviðs nauðsynleg svo hreinsunaráttak þetta beri árangur. Ber þar að nefna einingar borgarinnar með ólíkar valdheimildir og verksvið m.a. skrifstofu borgarlandsins, byggingarfulltrúa og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og eftir atvikum fleiri einingar innan stjórnslu Reykjavíkurborgar.